

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	21. apríl 2023 kl. 12:00-15:30
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	10
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir, Gunnar Einarsson. <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir. <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri, Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri fjármála- og mannuðssviði, Kári Hreinsson, framkvæmdastjóri skurðlækningaþjónustu, skurðstofa og gjörgæslu.
Fundarstjóri:	Björn Zoëga
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fastir liðir

Samþykkt fundargerða

Fundargerð 9. fundar samþykkt.

Skýrsla forstjóra og langtímastefna

Fjármálaáætlun var kynnt fyrir stuttu síðan. Spítalinn sendi umsögn til fjárlaganefndar sem stjórnin hefur fengið afrit af. Forstjóri kynnti ýmis sjónarmið fyrir nefndarmönnum fjárlaganefndar og svaraði spurningum þeirra.

Sagt frá fundi sem haldinn var á spítalanum 19. apríl þar sem forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra skoðuðu framkvæmdir við uppbyggingu Landspítala við Hringbraut, á vegum Nýs Landspítala ohf., og kynntu áætlun um uppbyggingu innviða heilbrigðiskerfisins til ársins 2030. Þar kemur fram að í fjármálaáætlun sé gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 210 milljarða. Annar áfangi er metinn á 54 milljarða. Mikilvægi þess að kynna verkefnið og áfanga þess áréttað.

Nú stendur yfir vinna við að endurmeta þarfir spítalans í áfanga 2. Uppbygging nýs húsnæðis fyrir geðþjónustu spítalans rædd. Staðsetning húsnæðis rædd og mikilvægir þættir í tengslum við val á stað fyrir húsnæði.

Fólksfjölgun rædd og áhrifin á starfsemi spítalans. Mikil fjölgun aldraðra en einnig mikil fjölgun ferðamanna. Mannfjöldaspá kynnt og rædd. Fjölmenningsarsamfélag að verða til og áhrif þess á þjónustuna nokkur.

Fjölgun meðal ferðamanna rædd og algeng veikindi meðal þeirra. Á skemmtiferðaskipum er oft mikill fjöldi eldra fólks sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda. Upplýst að á undanförunum árum hafi allt að 20% gjörgæslurýma verið nýtt í þjónustu við ferðamenn að sumarlagi.

Legurýmabörf nýs Landspítala rædd, mat spítalans og mat McKinsey á fjölda legurýma. Niðurstaða aðila er nokkurn veginn sú sama. Grundvallaratriði að þau úrræði sem byggð verða upp utan spítalans verði fullnægjandi. Ef að aðrir þættir kerfisins ná ekki að sinna fyllilega hlutverki sínu þá eykst álagið á Landspítala. Liggur fyrir að Landspítali á ekki að sinna þjónustu á borð við þá þjónustu sem hjúkrunarheimili sinna, en þar sem skortur hefur verið á slíkum rýmum hefur spítalinn neyðst til að annast slíka einstaklinga um langt skeið.

Farið yfir fjölda einstaklinga með færni- og heilsumat innan Landspítala. Stærsti hlutinn er að bíða eftir hjúkrunarrými. Þegar Vífilsstaðir voru í rekstri spítalans var þessi tala talsvert lægri, er nú um 65-70 einstaklingar hverju sinni en var í kringum 50 utan Vífilsstaða áður. Eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum er því að aukast og framboðið lítið. Ný rými voru opnuð í október og nóvember í Móbergi en fleiri rými hafa ekki verið opnuð eftir það. Þá lokuðust rými á Vífilsstöðum sem vonast er til að hægt verði að opna að hluta til í júní. Svo berast fregnir af því að hjúkrunarrými séu að loka. HSS er síðan með lokuð rými vegna manneklu.

Farið yfir lengd dvalar á Landspítala og hverjar geti verið skýringar þess að dvöl sjúklinga er að lengjast á spítalanum.

Rætt um erindi sem barst frá hjúkrunarfræðingum á bráðamóttöku. Mannekla hefur verið mikil á bráðamóttöku spítalans. Fólk hefur hætt störfum þar vegna álags og vinnuaðstæðna. Vinna stendur yfir við að fjölga rýmum en á hverjum tíma eru oft 30-40 innlagðir á bráðamóttöku.

Fjallað um mönnunarvanda á bráðamóttöku og áskoranir í mönnun yfir sumarið. Mönnunarmódel rædd, þróun þeirra, öryggisviðmið í mönnun. Hvernig mönnun er á erlendum sjúkrahúsum og hvaða tækifæri eru í frekari þróun mönnunarviðmiða.

Viðbrögð við erindi hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku rædd. Viðbrögðin verða að dreifa álagi með því að leggja fleiri sjúklinga yfir á legudeildum. Breyting sem þessi er áskorun gagnvart legudeildum. Upplýst um að gerður hafi verið gátlisti með viðbragðsáætlun um þrjú stig viðbragðs sem gangi út á að aldrei séu fleiri en 15 innlagðir á bráðamóttöku hverju sinni. Skilgreint verði hve margar yfirlegur verði á deildum eftir getu þeirra. Ljóst að ef að ekki tekst að útskrifa með nægilega skilvirkum hætti þá safnast vandinn upp.

Farið yfir þær aðgerðir sem farið var í í fyrra til að bregðast við vandanum.

Stjórn lýsir yfir vilja til stuðnings við spítalann vegna þessa.

Fjallað um rótgróna menningu á spítalanum og áskoranir í tengslum við það. Áhersla lögð á uppbyggingu sterkar liðsheildar og vinnu við að fá einingar spítalans til að vinna saman að settum markmiðum.

Áhersla lögð á mikilvægi þess að heildstæðar starfsemisupplýsingar séu aðgengilegar fyrir allt landið þannig að hægt sé að bera saman stofnanir hvað álag varðar.

Liðskiptaáttak rætt. Um 2000 einstaklingar á biðlista eftir liðskiptum. Átaksverkefni verið í gangi á síðustu árum en ekki tekist að nýta þá fjármuni til fulls vegna mannekle. Nú voru 700 liðskiptaaðgerðir boðnar út og nokkrir aðilar sem buðu í aðgerðirnar. Aðgerðirnar skiptust milli tveggja aðila og markmiðið að koma sem flestum í aðgerð.

Mönnunarmódel rædd enn frekar, mikilvægi miðlægra biðlista og þjónusta mismunandi sérgreina.

Bókun: Stjórnin felur forstjóra að setja saman ályktun um mönnunarmódelin og þörf fyrir það að spítalinn lagi sig að þeim mönnunarmódelum sem teljast best til þess fallin að ná utan um þá stöðu sem er uppi á spítalanum.

Upplýst að vinna standi yfir við að greina raunviðveru starfsmanna og afköst miðað við raunviðveru. Veikindahlutfall er áhyggjuefni og hefur farið vaxandi.

Leiðir til að efla vísindarannsóknir ræddar og samstarf við háskólann. Nú stendur yfir vinna við að rýna gögn vegna verulegs samdráttar í rannsóknarstarfi. Það þarf að liggja fyrir hvar samdrátturinn er til að hægt sé að bregðast við. Innan háskólans er verið að glíma við það sama og því þarf að sameina kraftana og bregðast við. Áhersla lögð á samkeppnissjóði, einkum að heilbrigðisvísindasjóði verði komið á laggirnar. Mikilvægi hvata og samkeppni í vísindastarfi áréttað.

Rætt um ársfund Landspítala, dagskrá kynnt og áherslur lagðar fram, en þær eru samskipti í hinni ýmsu mynd.

-Langtímastefna

Tillögur að langtímastefnu kynntar og ræddar.

Stjórnin áréttar mikilvægi þess að stefna og framtíðarsýn séu einföld. Áhersla lögð á að allir starfsmenn geti samsamað sig við stefnuna.

-Fjármál

Farið yfir bráðabirgðauppgjör spítalans. Sá halli sem stefnir í á rætur að rekja til viðbótarlauna. Frávikagreining sem stjórnarmenn fengu senda kynnt. Ársfjórðungsfundur 9. maí. Farið verður yfir fyrstu þrjú mánuðina og gerð útkomuspá fyrir árið. Svo gæti þurft að fara nánar yfir ákveðin atriði. Áréttað mikilvægi þess að lyfta upp góðu hlutunum til að læra af þeim.

Bráðabirgðaársfjórðungsuppgjör jan-mars kynnt og rætt. Þegar búið er að leiðrétta fyrir Covid er 4,4% halli. Viðbótarlaunin eru stærsta skýringin á hallanum, rúmar 900 milljónir af halla, sem stefnir í um 1,2 milljarða. Jöfnuð var út sveifla í leyfisskuldbindingum. Sama dreifing er á tekjum vegna ósjúkratryggðra. Stefnir í lítilsháttar versnun á launalið og í rekstrarkostnaði, m.a. í rannsóknarþjónustunni. Virðist vera að safnast upp ákveðið ójafnvægi í kostnaði, t.d. vegna aukinna innkaupa á hvarfefnum. Líka versnandi þróun rekstrarlega á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni. Taka þarf afstöðu til þess hvort um tímabundna versnun sé að ræða eða hvort að bregðast þurfi við. Verður komin skýrari mynd á næsta stjórnarfundum.

Stuttlega farið yfir áhættumat sem sent var ráðherra vegna áætlunar fyrir árið.

Farið yfir gögn um vinnuskil í klukkustundum og þróun á vinnuskilum eftir innleiðingu betri vinnutíma í vaktavinnu. Sveigjanleiki hefur mikil áhrif á það hvort einstaklingar kjósa að vera í 100% starfi.

Gunnar Ágúst Beinteinsson vikur af fundi.

Skurðstofunýting – 14:40-15:00

Kári Hreinsson kemur inn á fund

Farið yfir skurðstofunýtinguna, eftir mismunandi einingum í starfseminni. Millitími kynntur, hvað hefur áhrif á millitíma og hvað getur raskað nýtingunni. Mjög stór hluti eru þættir sem hægt er að hafa áhrif á með bættum vinnubrögðum.

Árangur hefur náðst í bættri nýtingu skurðstofa, en það eru útlagar, t.d. Barnaspítalinn, sem er nokkuð langt frá annarri skurðstarfsemi. Farið yfir aukningu í aðgerðafjölda. Bæklun fékk allan bráðatímann vegna þess hve langur biðlistinn var hjá þeirri sérgrein eftir aðgerð vegna brota.

Áhersla lögð á að bera saman hníf tíma í stað fjölda aðgerða. Keppast eigi við að auka hann.

Hagræðing hvað fjölda starfsmanna sem koma að aðgerðum varðar rædd. Hefur komið í ljós að við erum með mikla mönnun á skurðstofunum. En mikil vöntun er á sjúkraliðum.

Rætt um aðrar starfsstéttir sem hægt væri að þjálfa fyrir störf á skurðstofum.

Rætt um hvað þurfi til svo að hægt verði að opna fleiri skurðstofur.

Rætt um möguleikann á að hafa þrjú teymi fyrir tvær skurðstofur þannig að skurðlæknar geti skorið sem allra mest.

Kári Hreinsson vikur af fundi.

Innri endurskoðun – 15:00 – 15:15

Upplýst að til standi að auglýsa stöðu innri endurskoðanda á spítalanum. Umræða um stöðu innri endurskoðanda í skipuriti spítalans, hvort hann starfi fyrir forstjóra, stjórn eða báða aðila.

Önnur mál

-Sumarlokanir

Farið yfir hvernig skipulagið verði í sumar varðandi starfsemi spítalans. Það hefur tíðkast að loka einhverjum rúmum. Það er mun minna um slíkar lokanir í ár en hefur verið. Farið yfir fjölda rúma sem loka og staðsetningu þeirra.

Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að fækka lokuðum rúmum og lýsir ánægju með það.

Fundi slitið 15:28